



Fjölbrautaskóli Suðurlands

## Delludagar

ÍSLE1DE05

Kennsluáætlun – vorönn 2017

### Kennarar áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Katrín Tryggvadóttir (KT)

### Áfangalýsing:

Nemendur vinna ýmiss konar verkefni tengd áhugasviði sínu og/eða starfsvali. Jafnframt þjálfast þeir í notkun móðurmálsins.

**Ritun:** Ýmsar tegundir ritsmíða, svo sem lýsingar, viðtöl, og önnur umfjöllun tengd viðfangsefnum sem nemendur velja sér.

**Lestur:** Nemendur kynna sér viðfangsefni sín og afla upplýsinga um þau.

**Málnotkun:** Nemendur þjálfast í að fjalla um og kynna valin viðfangsefni skriflega og munnlega.

**Framsögn:** Kynningar og greinargerðir tengdar viðfangsefnum nemenda.

**Forkröfur:** ÍSLE1LR05

### Markmið áfangans:

#### Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í ritun, svo sem efnisgreinum, greinarmerkjum og byggingu ritsmíða
- muninum á huglægni og hlutlægni
- muninum á nokkrum tegundum ritsmíða, svo sem lýsingum, frásögnum og viðtölum, og því helsta sem hver tegund þarf að innihalda
- nokkrum helstu hjálpargögnum við vinnslu og frágang texta

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lýsa og gera grein fyrir viðfangsefnum sínum á áhugaverðan og skýran hátt
- draga saman aðalatriði og gera grein fyrir þeim
- afla upplýsinga úr heimildum

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- meta heimildir og upplýsingar og taka afstöðu til þeirra
- velja sér viðfangsefni og gera grein fyrir þeim
- kynna sér viðfangsefni til hlítar

#### Kennslubækur og kennslugögn

- Kjörbók sem nemendur kaupa eða útvega sér.
- Efni frá kennara.

## ÁÆTLUN UM KENNSLU OG YFIRFERÐ Á ÖNNINNI (SJÁ NÁNARI SKILGREINGU Á MOODLE)

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanganum. Börnin í Dimmuvík. Lestrarkönnun. Delluskoðun.
2	9.-13. janúar	Börnin í Dimmuvík, upplestur og verkefni. Kynning á kjörbókum. Lestur kjörbókar hefst (heimavinna).
3	16.-20. janúar	Örsögur og verkefni. Kjörbókarlestur er heimavinna.
4	23.-27. janúar	Della. Lestur greina, umræður og dellukynningar. <a href="#">Verkefni 1, grein um dellu.</a> Kjörbókarlestur er heimavinna.
5	30. jan.-3. febrúar.	Della, ritunarkennsla (5 efnisgreina ritun). <a href="#">Verkefni 2, fimm efnisgreina ritun.</a> Kjörbókarlestur er heimavinna.
6	6.-10. febrúar	Della. Skrifa frásögn um annarra dellu. Viðtal við einhvern með dellu. <a href="#">Verkefni 3, veggspjald.</a> Kjörbókarlestur er heimavinna.
7	13.-17.febrúar	Della. <a href="#">Verkefni 4, viðtal (5 efnisgreina ritun).</a> Kjörbókarlestur er heimavinna – klára kjörbókina í þessari viku.
8	20.-24. Febrúar <small>Kátir dagar og flóafár miðv.-föstud.</small>	<b>Kjörbók, próf.</b>
9	27. feb.-3. mars <small>Miðannamat hefst</small>	<b>Kjörbók.</b> Leshringir. Umræður, túlkun og verkefni.
10	6. – 10. mars	<b>Kjörbók</b> , glærusýning undirbúin (hópaVinna). Viðtalstímar; hópurinn gerir grein fyrir verkefnum.
11	13.-17. mars <small>Vorfrí þann 17. mars</small>	<b>Kjörbók, kynningar.</b>
12	20.-24. mars	Eigin della, <a href="#">verkefni 1 og 2.</a>
13	27.-31. mars	Eigin della, <a href="#">verkefni 3.</a>
14	3.-7. apríl	<a href="#">Verkefni 3, framhald.</a> Yfirlestur hjá samnemendum. <b>Skil á verkefni 3 í lok vikunnar.</b> <a href="#">Verkefni 4.</a>
15	8.-14. apríl <small>Páskafrí</small>	Páskafrí.
16	16. – 18. apríl Páskafrí 19 og 21. apríl <small>Sumardagurinn fyrsti 20. apríl</small>	Páskafrí ... <b>kennsla hefst á miðvikudegi.</b>

17	24.-28. apríl	Lokaverkefni sem er til munnlegs prófs. Finna grein, smásögu og ljóð sem nemendur eiga að vinna með fyrir próf. Finna út frá bókmenntahugtökum (orðskýringar, persónur og fleira).
18	1. – 5. maí Frí 1. Maí	Munnleg próf.
19	8.-10. maí	Munnleg próf. <b>Próf hefjast á fimmtudeginum 11. maí.</b>

### Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- 10% Börnin í Dimmuvík, verkefni, glósutækni og hlustun.
- 7% Örsögur
- 12% Della, verkefni 1 – 3.
- 5% Verkefni 4.
- 10% Kjörbók, próf.
- 15% Kjörbókarverkefni, glærur.
- 5% Kjörbók, kynning (hópur).
- 6% Þín eigin della, verkefni 1 og 2.
- 10% Þín eigin della, verkefni 3 (heimildavinna).
- 10% Lokaverkefni.
- 10% Munnlegt próf.

### Kröfur og verkefnaskil

- Ekkert lokapróf er í þessum áfanga og er því ætlast til að nemendur undirbúi sig mjög vel fyrir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem upprifjun. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlöggn fer eingöngu fram þar. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemanda.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara. Þeir nemendur sem eru löglega afsakaðir fá að taka sjúkrapróf.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Gert með fyrirvara um breytingar, F.Su., 13. desember 2016

Guðbjörg Grímsdóttir [gudbjorg10@gmail.com](mailto:gudbjorg10@gmail.com)

Katrín Tryggvadóttir [katrintryggva@gmail.com](mailto:katrintryggva@gmail.com)

